


Menningarstefna

Kópavogsbæjar



Kópavogsbær

Skjal sótt af '000000000000' og s: 18/11/2026



Menningarstefna Kópavogsbæjar

Tilgangur menningarstarfs í Kópavogi

Tilgangur menningarstarfs Kópavogsbæjar er að auka lífsgæði Kópavogsbúa á öllum aldri með fjölbreyttu menningar- og listalífi, fræðslu og miðlun vísinda. Óflugt og fjölbreytt starf í menningu og listum styrkir bæjarbrag, eykur víðsýni, örvar samfélagið í heild og þar með efnahagslega framþróun þess. Síðast en ekki síst ýtir það undir jákvæða ímynd bæjarins og læðar að nýja íbúa og um leið innlenda jafnt sem erlenda gesti.

Framtíðarsýn

Kópavogsbær býr til frjóan jarðveg sem stuðlar að virkri listsköpun og auðveldar listamönnum að skapa viðburði og upplifanir sem Kópavogsbúar, íbúar höfuðborgarsvæðisins, aðrir landsmenn og erlendir ferðamenn geta notið.

Í menningarstarfi bæjarins er áhersla lögð á að þróa og bjóða viðburði og upplifanir sem ekki er að finna annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og það er því hrein viðbót við menningarflóru höfuðborgarbúa. Leitast er við að draga fram styrk og sérstöðu og nýta tækninýjungar og gagnvirkni eins og kostur er og ná þar með aukinni athygli.

Almenningsrými eru nýtt undir list og listviðburði ef hægt er en hjarta menningarstarfs bæjarins er í menningarhúsunum sem reist hafa verið af miklum myndarskap við Hamraborgina. Í nálægð þeirra felst sérstaða og einstakt tækifæri til náins samstarfs milli ólíkra listgreina og fræða. Þannig er hægt að flétta saman listviðburði eða fræðslu fyrir unga sem aldna og skapa upplifun sem öll er á einu og sama svæðinu.

Samspil og nálægð þessara húsa gefur kost á rekstrarlegri samlegð með aukinni samvinnu starfsmanna sem og á sameiginlegri markaðssetningu, sameiginlegu vöruheiti og kynningu á starfseminni í heild eða einstökum verkefnum sem ganga þvert á húsinn eða listgreinar.

Við skipulag svæðisins í kring er haft að leiðarljósi mikilvægi þess að hið nánasta umhverfið styðji við starfsemi menningarhúsanna.

Hvernig ætlum við að ná árangri?

Margir aðilar þurfa að vinna saman til að hægt sé að hrinda menningarstefnunni í framkvæmd en mikilvægt er að einn og sami aðilinn haldi utan um alla þræði og leiði starfið. Fer best á því að sú ábyrgð verði á hendi forstöðumanns Listhúss Kópavogsbæjar.

Hér á eftir eru talin upp nokkur lykilviðfangsefni til að ná fram markmiðum stefnunnar:





Að vekja athygli á menningarstarfi í Kópavogi

Mikilvægt er að vekja athygli á því gróskumikla menningarstarfi sem fram fer í Kópavogi. Þannig má styrkja ímynd menningarstarfsins og bæjarfélagsins í heild. Aukin vitund eykur aðsókn, styrkir rekstrarlegan grundvöll starfseminnar og gerir Kópavog að eftirsóttari menningarvettvangi og stað til að búa á.

Leiðir að markmiði:

- Samræming á heildstæðu kynningarstarfi undir sameiginlegu merki menningarstarfs bæjarins
- Markviss notkun samfélagsmiðla og nýrrar tækni í upplýsingamiðlun
- Skipulögð menningarfræðsla barna og ungmenna
- Vefur bæjarins nýttur í auknum mæli
- Menningarhús og aðkoman að þeim betur merkt
- Áherslur og kynningarefni mótað til að höfða betur til mismunandi hópa
- Aukin notkun almenningsskýma undir list og listviðburði

Hverjir koma að verkefninu:

Forstöðumaður Listhúss, forstöðumenn menningarhúsa, skólasamfélagið, lista- og menningarráð, almannatengill Kópavogsbæjar og vefstjóri Kópavogsbæjar.

Að nýta betur tækifærin sem felast í nálægð menningarhúsa

Einn helsti styrkur menningarstarfs í Kópavogi er návígi ólíkra menningarhúsa. Í því felast tækifæri sem nýta má betur með margvíslegum hætti.

Leiðir að markmiði:

- Samræmdur opnunartími menningarhúsanna
- Aukið samstarf, t.d. með sameiginlegu þema
- Sameiginleg þátttaka í margvíslegum viðburðum
- Samspil viðburða, t.d. opnun ólíkra listviðburða á sama tíma
- Samstarfi komið á milli menningarhúsa í fræðslu barna og ungmenna
- Sameiginlegt kynningarstarf og ímyndarsköpun undir einu heiti

Hverjir koma að verkefninu:

Forstöðumaður Listhúss Kópavogsbæjar, lista- og menningarráð, forstöðumenn menningarhúsa, skólasamfélagið og almannatengill Kópavogsbæjar.

Að efla næsta nágrenni

Hægt er að styðja við starfsemi menningarhúsa bæjarins með því að gera næsta nágrenni þeirra meira aðlaðandi; spennandi og aðgengilegt. Svæðið þarf að vera heildstætt, lifandi og eftirsóknarvert. Þannig má ná því fram að gestir komi ekki einungis til að heimsækja eitt og eitt menningarhúsheldur verji deginum á svæðinu til að upplifa menningu og listir í Kópavogi.

Leiðir að markmiði:

- Huga að skipulagi svæðisins í heild og tengja betur við næsta nágrenni, svo sem Auðbrekku, Hamraborg og hafnarsvæði þannig að úr verði heildstætt, gróskumikið og spennandi menningarsvæði
- Kanna flutning annarrar menningarstarfsemi á svæðið
- Kanna möguleika á að iðnaðarhúsnæði verði nýtt undir framsækna menningarstarfsemi
- Móta aðstæður sem eru hvetjandi fyrir gallerí, kaffihús og veitingahús til að hefja rekstur á svæðinu
- Opin svæði í næsta nágrenni verði tengd betur við húsin á skapandi og listrænan hátt
- Þess verði gætt að bílastæði skerði ekki dýrmæt svæði sem ella gætu stutt betur við starfsemi menningarhúsa á svæðinu. Leysa þarf bílastæðamál svæðisins með vel merktum og vel upplýstum stæðum með góðu aðgengi að húsunum

Hverjir koma að verkefninu:

Forstöðumaður Listhúss Kópavogsbæjar, forstöðumenn menningarhúsa, listamenn, umhverfissvið bæjarins, lista- og menningarráð, skipulagsnefnd og bæjarstjórn.

Að sækja á ný mið

Kópavogur getur aukið fjölbreytileikann í menningarstarfi með því að sækja á ný mið. Með því yrði starfið framsæknara og sýnilegra og sá hópur stærri sem sækir í menningu og listir.

Leiðir að markmiði:

- Taka þátt í og tengjast stórum og vel þekktum listahátíðum
- Skipuleggja nýja viðburði, svo sem þemahátíðir, eða efla þá viðburði og hátíðir sem fyrir eru
- Vinna markvisst að því að fá fleiri erlenda listamenn til að koma fram í Kópavogi
- Nýta menningarsamstarf og tengsl við vinabæi Kópavogs í auknum mæli
- Vinna með fagaðilum og listaskólum til að tengjast betur upprennandi listamönnum

Hverjir koma að verkefninu:

Forstöðumaður Listhúss Kópavogsbæjar, forstöðumenn menningarhúsa, bæjarstjórn, lista- og menningarráð.





Að efla tengingar og samtal við grasrótina

Listsköpun á sér stað víða í samfélaginu og því þarf menningarstarf í Kópavogi að vera í góðum tengslum við hina ólíku kima listalífsins. Þannig má stuðla að því að fleiri vilji starfa með bænum að því að auðga menningarlífið.

Leiðir að markmiði:

- Leitast verði við að vera í góðu samstarfi við þá einstaklinga og hópa sem vinna að listsköpun, ekki síst þá sem starfa í Kópavogi
- Kannaður verði sá möguleiki að stofna útstöðvar menningarhúsa eða starfsins í úthverfunum, til að halda utan um tónlistarkennslu, leiklist, myndlist, fræðslu og aðra listræna starfsemi
- Vinna markvisst að auknu samstarfi menningarhúsa og annarra aðila bæjarins, svo sem félagsstarf ungmenna og eldri borgara, með það í huga að höfða til fleiri hópa sem ella myndu ekki nýta sér það starf sem í boði er
- Huga sérstaklega að menningarstarfi og viðburðum í efri byggðum Kópavogs

Hverjir koma að verkefninu: Forstöðumaður Listhúss, forstöðumenn menningarhúsa, forstöðumenn félagsstarfs ungmenna og eldri borgara og lista- og menningarráð.

Að tengjast skólastarfi í bænum

Menningarfræðsla skapar frjóan jarðveg fyrir listræna og skapandi hugsun og gegna menningarhús bæjarins þar lykilhlutverki. Innan veggja þeirra þarf að fara fram markviss fræðsla barna og ungmenna bæjarins. Með því er jafnframt verið að ala upp nýja kynslóð sem lærir að meta menningu og listir og veit hvar hana er að finna.

Leiðir að markmiði:

- Hjá menningarhúsunum verði skipulagðir viðburðir og heimsóknir skólabarna í Kópavogi
- Hægt verði að sameina skólaheimsóknir barna þvert á allar stofnanir

Hverjir koma að verkefninu: Forstöðumaður Listhúss, forstöðumenn menningarhúsa, lista- og menningarráð og fræðslustofnanir bæjarins.

Að móta sér sérstöðu

Skilgreina verður og draga fram sérstöðu menningarstarfs í Kópavogi og leggja áherslu á það sem endurspeglar anda og sögu bæjarins, sérkenni og styrk.

Leiðir að markmiði:

- Málþing/vinnustofa eða fastur vinnuhópur hafi það hlutverk að móta og þróa sérstöðu menningarstarfs í Kópavogi
- Áhersla lögð á tækifæri sem felast í sérstöðu Salarins, Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs
- Dregin verði fram og eflað sérstaða Bókasafns Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs
- Viðburðir skipulagðir sem byggja á þeirri sérstöðu Kópavogsbæjar að ólík menningarhús standi hlið við hlið
- Menningarstýrkir Kópavogsbæjar endurskoðaðir með það í huga að þeir nýtist betur og styðji við framkvæmd menningarstefnunnar

Hverjir koma að verkefninu: Forstöðumaður Listhúss, lista- og menningarráð og forstöðumenn menningarhúsa.

Að samnýta starfskrafta betur

Við menningarhúsin í Kópavogi starfa tugir starfsmanna og hafa margir þeirra mjög sérhæfða þekkingu og reynslu. Ráðning þessara starfsmanna er með mismunandi hætti og tengsl þeirra við heildina, þ.e. hina ýmsu starfsemi, missterk. Mögulega mætti nýta betur starfskraftana og auðga störf þeirra með því að fleiri störfuðu þvert á stofnanir.

Leiðir að markmiði:

- Að menningarstarfsemin verði eining innan Kópavogsbæjar sem geti ráðstafað starfskröftum á milli stofnana
- Endurskoða þarf starfslýsingar og samninga ef við á, þannig að starfssvið starfsmanna verði þvert á menningarhús

Hverjir koma að verkefninu: Forstöðumaður Listhúss, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og forstöðumenn menningarhúsa.



Menningarstefna Kópavogsbæjar



Kópavogsbær